

LÖG

SAMTAKA UM KVENNALISTA.

1. gr.

Heiti Samtakanna er Samtök um kvennalista, hér eftir nefnd Kvennalistinn. Lögheimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið Kvennalistans er að:

- a) auka áhrif kvenna í samfélaginu,
- b) vekja umræðu um stöðu kvenna,
- c) beita sér fyrir bættum kjörum kvenna,
- d) stuðla að því að viskuforði og reynsla kvenna verði nýtt í þágu betra samfélags,
- e) konur, karlar og börn njóti sambærilegra réttinda, þar sem menning beggja kynja fái að njóta sín og kynferði hindrar engan í að sinna þeim störfum sem hugur stendur til.

3. gr.

Markmiðum þessum hyggst Kvennalistinn ná m.a. með því að bjóða fram til Alþingis og sveitarstjórna.

4. gr.

Kvennalistinn er opin allum sem styðja markmið hans, enda greiði þeir félagsgjöld. Allir fundir eru félögum opnir, nema félagsfundir viðkomandi anga ákveði annað.

5. gr.

Innan Kvennalistans starfa angar. Lögheimili og varnarþing þeirra eru kjördæmin. Séu fleiri en eitt lögsagnarumdæmi innan hvers kjördæmis ákveði hver angi heimili og varnarþing. Í stórum kjördæmum getur angi starfað í minni einingum. Innan Kvennalistans koma þessar einingar fram sem einn angi.

6. gr.

Kvennalistinn skal hafa framkvæmdaráð, skipað konum úr sem flestum öngum.

7. gr.

Framkvæmdanefnd skal starfa innan hvers anga. Angafundur (félagsfundur hvers anga) ákveður nánar hvernig skipa skal í hana og mótar starfshætti hennar. Framkvæmdanefnd hefur umsjón með öllu starfi angans og annast fjármál hans. Nefndin tilnefnir eina konu í þingráð og eina í framkvæmdaráð Kvennalistans ef þess er nokkur kostur.

8. gr.

Innan Kvennalistans skal starfa þingráð og sveitarstjórnarráð á þeim stöðum þar sem Kvennalistinn á fulltrúa í sveitarstjórn. Skulu þessi ráð leitast við að hafa sem mest samstarf sín á milli.

9. gr.

Endanleg ákvörðun í málefnum Kvinnalistsans er í höndum landsfundar og anganna í höndum félagsfunda. Á milli landsfunda skal hún vera í höndum framkvæmdaráðs. Í mikilvægum málum sem varða Kvinnalistan í heild sinni skal framkvæmdaráð boða til samráðsfundar anganna sem fari þá með ákvörðunarvaldið. Þingráð eða sveitarstjórnarráð taka ákvörðun í þeim málum sem undir þau heyra en þó innan þess ramma sem starfsreglur kveða á um.

10. gr.

Samráðsfund anganna skal halda minnst tvisvar á ári.

11. gr.

Landsfundur kýs þrjár konur í landsfundarnefnd og þrjár til vara. Hver angi tilnefnir eina konu sem verði tengill við landsfundarnefndina. Landsfundarnefnd skal undirbúa og ákveða dagskrá landsfundar í samráði við framkvæmdaráð Kvinnalistsans. Dagskrá landsfundar skal liggja fyrir og send út eigi síðar en tveim vikum fyrir landsfund.

12. gr.

Landsfund skal halda fyrir 15. nóvember ár hvert. Einnig skal halda landsfund sé þess óskað af 1/3 hluta félaga. Fundarboð til landsfundar skulu send til framkvæmdanefnda anganna a.m.k. 4 vikum fyrir fund.

13. gr.

Reikningsár skal vera frá 1. október til 30. september. Endurskoðaðir reikningar Kvinnalistsans skulu lagðir fyrir landsfund til samþykktar.

14. gr.

Landsfundur skal kjósa tvo endurskoðendur reikninga Kvinnalistsans sem starfa fram að næsta landsfundi.

15. gr.

Í atkvæðagreiðslu á landsfundi, sem og á öðrum fundum Kvinnalistsans, ræður einfaldur meirihluti fundarmanna.

16. gr.

Tillögur um breytingar á lögum samtakanna skal senda til framkvæmdaráðs með rökstuddri greinargerð a.m.k. 6 vikum fyrir landsfund. Breytingartillaga skal birt orðrétt í fundarboði landsfundarnefndar. Til þess að breyta lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða á landsfundi.

17. gr.

Ákvörðun um slit samtakanna skal tekin af tveimur landsfundum í röð. Til samþykktar þarf 2/3 hluta atkvæða á báðum fundum. Seinni landsfundur skal ákveða um ráðstöfun eigna samtakanna.